



Álagning fasteignagjalda og útsvars í Húnaþingi vestra árið 2026

Útsvar	14,97 %	
Fasteignaskattur A-gjald	0,45 %	af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur B-gjald	1,32 %	af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur C-gjald	1,42 %	af fm. húss og lóðar
Lóðarleiga, almennt gjald	11,32	kr. pr. m ²
Lóðarleiga, ræktað land	1,58	kr. pr. m ²
Fráveitugjald	0,2	% af fm. húss og lóðar
Vatnsgjald	0,25	% af fm. húss og lóðar
Aukavatnsgjald	35	kr. pr. m ³
Hreinsun rotþróa:		
0-2000 lítra	18.825	kr. pr. þró
2001-4000 lítra	23.190	kr. pr. þró
4001-6000 lítra	25.350	kr. pr. þró
6001 lítra og stærri	6.400	kr. pr. m ³

Sorpgjald á íbúðarhúsnæði, regluleg sorphirða	100.000 kr.
Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir og íbúðir í dreifbýli þar sem ekki er hirt sorp	44.375 kr.

Lóðarleigu og fasteignaskatt skv. A-, B- og C- gjaldi skal innheimta frá fyrstu skráningu hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, en fráveitugjald, vatnsgjald og sorpgjöld skal innheimta frá þeim tíma að fasteign hefur verið skráð með byggingarstig BS 2.

Gjalddagar

Gjalddagi gjalda undir kr. 20.000 er 1. maí.

Gjalddagar gjalda sem eru á bilinu kr. 20.001 – 38.000 eru 1. apríl og 1. júlí.

Fasteignagjöld eigna sem eru hærri en kr. 38.000 hafa 8 gjalddaga, frá 1. febrúar 2026 til 1. september 2026.

Reglur um afslátt af fasteignaskatti árið 2026.

Reglur um afslátt af fasteignaskatti til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega eru vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra.

Afslátturinn er tekjutengdur og miðaður við árstekjur 2024 samkvæmt skattframtali 2025, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjur og tekur einungis til fasteignaskatts. Hámark afsláttar er 115.000 kr.

Tekjuviðmiðun:

Fyrir einstaklinga:

- a) Með heildartekjur allt að 5.670.000 kr. fær 100% afslátt, þó að hámarki 115.000 kr.
- b) Með tekjur umfram 7.650.000 kr. enginn afsláttur.

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:

- a) Með heildartekjur allt að 7.650.000 kr. fær 100% afslátt, þó að hámarki 115.000 kr.
- b) Með heildartekjur umfram 10.117.000 kr. enginn afsláttur.

Hlutfallslegur afsláttur er veittur samkvæmt framangreindu tekjubili.

Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur. Sé fasteign skráð með leyfi til heimagistingar fellur afsláttur af fasteignagjöldum með öllu niður árið 2026.

Í tilfelli hjóna eða sambýlisfólks, ræður aldur þess sem fyrr verður 67 ára án tillits til þess hvort þeirra er skráð fyrir eigninni.

Við andlát maka styrkir sveitarsjóður eftirlifandi um sömu upphæð og nemur álögðum fasteignaskatti ársins að fullu.

Samþykkt á 396. fundi sveitarstjórnar þann 18. nóvember 2025.